

REGLUGERÐ**um sölu og útflutning á vörum.**

1. gr.

Engar islenzkar afurðir er heimilt að bjóða til sölu á erlendum markaði, selja eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Leyfi ríkisstjórnarinnar þarf einnig til útflutnings á öllum öðrum vörum en islenzkum afurðum.

3. gr.

Leyfi til útflutnings á islenzkum afurðum má binda skilyrðum, er nauðsynleg þykja.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar nefnd til ráðuneytis, er fjalla skal um meiriháttar ákvarðanir í sambandi við afurðasölu.

Nefndarmenn skal velja úr hópi þeirra aðila og samtaka, sem hafa með höndum framleiðslu og sölu islenzkra afurða til útflutnings. Enn fremur skulu eiga sæti í nefndinni fulltrúar þeirra banka, sem hafa löggildingu til að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, og fulltrúar hlutaðeigandi ráðuneyta.

Nefndin starfar undir forsæti utanríkisráðherra eða fulltrúa hans. Nefndin skal vera ólaunuð.

5. gr.

Fyrir útflutningsleyfi, sem veitt eru samkvæmt þessari reglugerð, skal greiða 1% — einn af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 krónur fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. krónum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 168 12. september 1939, um sölu og útflutning á vörum, og reglugerð nr. 201 24. október 1947.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 6. september 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.